

Tegund umsóknar: Styrkur
Umsækjandi: SEK production ehf.

Lýsing verkefnis: Verkefnið sem sótt er um styrk til hér er til að vinna að gerð leikinnar kvikmyndar sem byggir á ljóðum Jóhannesar úr Kötlum um íslensku jólasveinana í bók hans Jólin koma. Hún gerist á sveitabæ í Laxárdal í Dölum, rétt fyrir jólahátíðina upp úr aldamótunum 1900. Frá bænum er ófært á meðan jólasveinarnir koma hver af öðrum og herja á bæinn, ræna mat og hræða bæjarbúana. Ein sögupersónan í kvikmyndinni er lítill drengur og hugmyndin er sú að sá litli drengur sé Jóhannes úr Kötlum sem hafi svo skrifað ljóðin um jólasveinana þegar hann varð eldri, út frá reynslu sinni af þessum vetri. Í sögunni eru jólasveinunum stillt upp sem síðustu tröllunum, en þau höfðu búið í aldaraðir á Íslandi fyrir landnám. Með yfirgangi mannanna hafa þau grafið sig ofan í fjöllin og týnst að eilífu.

Farið verður í ítarlega heimildavinnu til að þróa handritið og gefa sem besta mynd af íslensku samfélagi á þessum tíma. Markmið kvikmyndarinnar er að kynna Íslendingum sögurnar sem ljóðin segja, á myndformi, til að efla þekkingu á íslenskrri menningararfleið og jólah hefðum. Lögð verður rík áhersla á það að kvikmyndin muni endurspegla íslenska lífnaðarhætti eins og þeir voru á þessum tíma. Það er mikilvægt að íslensk menning og gamlar íslenskar hefðir séu kynntar í listum og dægurmenningu nútímans svo þær falli ekki í gleymsku.

Hingað til hafa verið gerðar hafa verið fáar, ef einhverjar, íslenskar kvikmyndir sem endurspegla íslenska lífnaðarhætti þessa tíma. Það er þess vegna rík þörf á að kynna íslenska menningararfleið frá þessum tíma í kvikmyndaformi sem þessi kvikmynd mun koma til með að gera. Mannfólkið í kvikmyndinni er hrætt við tröllin (jólasveinana) og tröllin eru hrædd við mannfólkið, en í myndinni mun koma í ljós að hvorki tröllin né manneskjurnar hafa ástæður til að hræðast hvort annað. Þannig mun kvikmyndin taka á fordómum gagnvart ólíkum samfélagshópum og reyna að sporna við auknum fordómum Íslendinga í garð annarra samfélagshópa.

Eins og fram hefur komið mun SEK production framleiða myndina en það fyrirtæki er í eigu Eyþórs Gunnlaugssonar, Kristjáns Ernir Björgvinssonar og Sólrúnar Freyja Sen. Stjórnarformaður fyrirtækisins er Kristján Thorlacius hæstaréttarlögmaður. Eyþór Gunnlaugsson er handritshöfundur kvikmyndarinnar og mun leikstýra henni. Hann leikstýrði heimildarþáttunum Óminni. Kristján Ernir Björgvinsson og Sólrún Freyja Sen munu framleiða myndina, en þau framleiddu þættina Óminni og ráku vefmiðilinn Babl.is sem birti umfjöllun um menningu og málefni ungs fólks árið 2018.

Frá stofnun hefur SEK production haft það að markmiði að veita konum og þeim sem tilheyra minnihlutahópum, eins og til dæmis fötluðu fólki, færi á að spreyta sig í íslenskum kvikmyndaiðnaði. Til að mynda er einn af þremur hluthöfum fyrirtækisins, Kristján Ernir Björgvinsson, lögblindur. SEK production stefnir á að ráða starfsfólk við gerð kvikmyndarinnar í samræmi við jafnréttissjónarmið fyrirtækisins.

Fjárhæð styrks sem sótt er um: 7.000.000kr